



Lagabreytingatillögur

Aðalfundur 2020

Nýr texti

Texti sem fellur út

Allar lagabreytingatillögur eru lagðar fram af stjórn Samtakanna '78.

Lagabreyting 1

3.4. Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins ár; 4) kjör tveggja skoðunarmanna reikninga. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði sínu eða getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Nú segir stjórnarmeðlimur af sér á fyrra ári kjörtímabils síns og skipar trúnaðarráð nýjan stjórnarmeðlim í hans stað. Skal þá kjörið í umrætt sæti í stjórn á næsta aðalfundi til eins árs. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu. Bjóði stjórnarmeðlimur á fyrra ári kjörtímabils síns sig fram í annað embætti, ~~skal hann tilkynna afsögn úr stjórn um leið og nýtt framboð er sent inn. Tekur afsögnin gildi eigi síðar en við upphaf aðalfundar.~~ skal afsögn úr fyrra embætti taka gildi um leið og viðkomandi nær kjöri.

Lagabreyting 2

5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en tveimur vikum eftir aðalfund. Formaður stjórnar Samtakanna '78 skal stýra fundi þar til formaður trúnaðarráðs hefur verið kosinn. Skal kjör formanns trúnaðarráðs fara fram eins fljótt og hægt er. Að kjöri loknu skal formaður trúnaðarráðs taka við stjórn fundarins. Skal þá kjósa varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans. Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum. ~~Ef skriflegar reglur liggja ekki fyrir skal fundum stjórnað samkvæmt almennum fundarsköpum.~~

Lagabreyting 3

5.4. Formaður er oddviti trúnaðarráðs og stýrir fundum þess. Í samráði við trúnaðarráð ber hann ábyrgð á að starfsemi ráðsins fari samkvæmt lögum þessum. Varaformaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formann skal kjósa til eins árs ~~og hann skal ekki vera gjaldgengur til að taka sæti í stjórn Samtakanna '78, komi til þess að trúnaðarráð þurfi að skipa í hana.~~



Lagabreyting 4

5.6. Trúnaðarráð og hagsmunaráð skulu funda með formanni Samtakanna '78 í upphafi starfsárs, sbr. gr. 5.3. Auk þess skulu stjórn, trúnaðarráð og hagsmunaráð funda ~~þrisvar sinnum á ári: í maí, október og janúar~~ tvisvar sinnum á ári. Að auki geta trúnaðarráð og hagsmunaráð fundað svo oft sem þurfa þykir, með eða án stjórnar. ~~Ef meirihluti stjórnar, trúnaðarráðs eða hagsmunaráðs óskar eftir sameiginlegum fundi skal formaður stjórnar annast boð sameiginlegs fundar innan tveggja vikna frá því að beiðni um fundinn kom fram.~~ Fundir í trúnaðarráði og hagsmunaráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum ~~og meirihluti kjörinna fulltrúa sé á fundi.~~ Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs og hagsmunaráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

~~5.7. Trúnaðarráð og/eða hagsmunaráð geta óskað eftir fundi með stjórn. Stjórn getur einnig óskað eftir fundi með trúnaðarráði og/eða hagsmunaráði.~~

Lagabreyting 5

7.4. Sé ástæða til, skal stjórn ~~skal~~ kynna ~~stöðu fjármála drög að fjárhagsáætlun~~ á félagsfundi í nóvember. Aðalfundur tekur fjárhagsáætlun til meðferðar, sbr. grein 3.5.